

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



Sjálfsmatsskýrsla

2023–2024

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
1. Inngangur	5
2. Innra mat 2023-2024.....	6
2.1 Gæðahandbók	7
2.2 Skólanámskrá og starfsmannahandbók	7
2.3 Þróunarverkefni.....	7
2.3.1 Allir nemendur á fyrsta ári.....	7
2.3.2 Viðhorf nemenda.....	8
2.3.3 Viðhorf kennara.....	8
2.3.4 Þróunarverkefni – 2. árið.....	9
2.3.5 Þróunarverkefni – 3. árið.....	9
2.4 Könnun meðal foreldra	10
2.4.1 Samantekt úr opnum svörum.....	12
2.5 Nemendakönnun.....	12
2.5.1 Áfangar	13
2.5.2 Almennar spurningar.....	14
2.5.3 Skólabragur.....	14
2.5.3 Samanburður á foreldrakönnun og nemendakönnun	15
2.6 Lífið eftir Verzló – stúdentar 2024.....	15
2.7 Staðan eftir Verzló – stúdentar 2021-2023.....	16
2.8 Stefnur og áætlanir.....	17
2.9 Verkferlar og fleira.....	17
2.10 Skólaþróun - Endurmenntun	17
2.11 Verkefni Mannauðsteymis, Kennsluteymis og Viðbragðsteymis	18
3. Umbótaáætlun	19
4. Skólaárið 2024-2025.....	20
5. Fylgiskjöl	21
5.1 Fylgiskjal I – Teymi skólans 2023-2024.....	21
5.2 Fylgiskjal II - Verkefnaáætlun (2023-2024).....	22
5.3 Fylgiskjal III – Niðurstöður þróunarverkefnis á fyrsta ári - NEMENDUR.....	23
5.4 Fylgiskjal IV – Niðurstöður þróunarverkefnis á fyrsta ári – KENNARAR	28
5.5 Fylgiskjal V – Þróunarverkefni 3.B og 2.A – Samanburður á svörum	34
5.6 Fylgiskjal VI – Samanburður úr könnun meðal foreldra 2021 og 2024	39
5.7 Fylgiskjal VII – Umbótaáætlun úr niðurstöðum foreldrakönnunar	46

5.8	Fylgiskjal VIII - Niðurstöður úr kennslukönnun vor 2024	47
5.9	Fylgiskjal IX – Niðurstöður úr nemendakönnun – Almennar spurningar	49
5.10	Fylgiskjal X – Samanburður á spurningum úr foreldra-og nemendakönnun v2024.....	60
5.11	Fylgiskjal XI – Lífið eftir Verzló – samanburður 2021-2024	62
5.12	Fylgiskjal XII – Staðan eftir Verzló, könnun meðal útskriftarárganga 2021-2023	65
5.13	Fylgiskjal XIII – Innihald gæðahandbókar	74
5.14	Fylgiskjal XIV – Verkáætlun næsta árs.....	78
5.15	Fylgiskjal XV – Umbótaáætlun úr Bravo Lesson	79

1. Inngangur

Hér ber að líta sjálfsmatsskýrslu Verzlunarskóla Íslands fyrir skólaárið 2023-2024. Verzlunarskóli Íslands leggur áherslu á að bjóða upp á framúrskarandi náms- og kennsluaðstæður ásamt bestu mögulegu kennslu vel menntaðra kennara. Þess vegna er mikilvægt að vera sífellt að skoða námið og kennsluna, huga að hvað sé hægt að bæta og stefna að því að gera enn betur í dag en í gær. Gæðateymi skólans hefur umsjón með öllum könnunum sem framkvæmdar eru innan- og utanhúss, vinnur úr niðurstöðum og kemur með hugmyndir til úrbóta.

Í skýrslunni er samantekt yfir helstu þætti sem unnið var að í skólastarfinu á liðnu skólaári, bæði hvað varðar umbótastarf svo og almenna skólaþróun. Þá er einnig fjallað um framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2024-25.

Um Verzlunarskóla Íslands segir í Skólanámskrá skólans (Verzlunarskóli Íslands, 2022) að hann hafi verið stofnaður árið 1905 af Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Kaupmannafélagi Reykjavíkur. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvíanna hagnýtar viðskiptagreinar saman við annað bóklegt nám. Skólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945 og geta nemendur valið um fjórar bóknámsbrautir. Haustið 2015 byrjuðu allir nýnemar skólans á þriggja ára námi til stúdentsprófs, en fram að þeim tíma var skólinn fjögurra ára framhaldsskóli. Vorið 2018 útskrifuðust tveir árgangar samtímis, fyrsti árgangurinn í 3. ára námi og sá síðasti í 4. ára námsleiðinni.

Innritaðir nýnemar haustið 2023 voru 372 í 14 bekkjardeildum. Koma þessir nemendur úr 58 mismunandi grunnskólum. Einn bekkur á alþjóðabraut, einn bekkur á nýsköpunar- og listabraut, sex bekkir á viðskiptabraut og sex bekkir á náttúrufræðibraut. Fjöldi nemenda haustið 2023 á 2. ári voru 350 og á 3. ári voru þeir 336. Samtals voru 1058 nemendur í dagskólanum í upphafi annar haustið 2023. Ekki voru önnur kyn skilgreind þetta skólaár en stúlkur og drengir þannig að kynjahlutfall þessara tveggja kynja var 60/40.

Kennarar dagskólans haustið 2023 voru samtals 86 í tæplega 78 stöðugildum. Kynjaskipting meðal kennara var að 70% voru konur og 30% karlmenn. Ekki voru önnur kyn skráð í starfsmannaflórana. Nær allir fastráðnir kennarar voru með réttindi sem framhaldsskólakennarar eða stunda réttindanám samhliða kennslu. Aðrir starfsmenn voru alls 41. Í yfirstjórn skólans voru fjórir, þrír starfsmenn á skrifstofu, þrír á bókasafni, þrír náms- og starfsráðgjafar, einn sálfræðingur og sjö sem sinna kerfisstjórn, umsjón fasteignar og dagræstingum. Skólinn rekur sitt eigið mótuneyti fyrir starfsmenn og nemendur og var fjöldi starfsmanna þar fimm í fjórum stöðugildum.

Nánar um starfsemi skólans er vísað í ársskýrslu hans 2023 sem er á [heimasíðu skólans](#).

Eins og undanfarin ár bauð skólinn upp á fjarnám á þremur önum, vor, sumar og haust. Fjöldi ársnemenda á sumarönn 2023 var 84,5 á haustönn 2023 voru þeir 44,4 og tæplega 60,0 á vorönn 2024. Heildarársnemendafjöldi á þessu tímabili var tæplega 189.

Fagnám verslunar og þjónustu fer að öllu leyti fram í gegnum fjarnám. Ekki var í boði sumarönn í fagnámi 2023. Á haustönn 2023 voru 47 nemendur sem stunduðu fagnám og 38 á vorönn 2024.

Að öðru leyti er vísað í [ársskýrslu fjarnáms 2023-2024](#).

2. Innra mat 2023-2024

Í gæðateymi Verzlunarskóla Íslands skólaárið 2023-2024 sátu sjö starfsmenn, Guðrún Inga Sívertsen skólastjóri, Þorkell H. Diego aðstoðarskólastjóri, Sigurlaug Kristmannsdóttir kennslustjóri fjarnáms, Magnea Ragna Ögmundsdóttir skrifstofustjóri, Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir, kennari, Vala Guðný Guðnadóttir kennari, Ingibjörg S. Helgadóttir gæðastjóri og kennari sem stýrir vinnu teymisins. Gæðateymið hélt reglulega fundi eða 15 alls yfir skólaárið. Auk þeirra var unnið á sameiginlegu svæði í Office 365, og í gegnum tölvupósta.

Sú nýjung var gerð á skipulagi gæðamála haustið 2019 að stofnuð voru þrjú teymi starfsmanna sem hafa ákveðin verkefni á sínum höndum. Eru það kennslu-, viðbragðs- og mannauðsteymi. Á **fylgiskjali I** má sjá hlutverk og skipan hvers teymis auk gæðateymis. Árlega hafa orðið smávægilegar mannabreytingar á teymunum og svo var einnig þetta ár.

Gæðateymið tók upp samstarf við fyrirtækið *Bravo Lesson* árið 2021 sem sérhæfir sig í að halda utan um gæðastarf skóla í rafrænu formi. Fyrirtækið er sænskt að uppruna og er í samstarfi við breska aðila og íslenska. Þó nokkrir íslenskir grunnskólar nota þetta kerfi sem byrjaði héraðis í maí 2020.

Verzlunarskólinn var fyrsti framhaldsskólinn sem skráður var notandi og var því frumkvöðlaskóli á þessu sviði. Nú þegar er umbótaáætlun skólans komin inn í Bravo Lesson og fyrirhugað er að skrá gæðaviðmið þar inn í fyllingu tímans.

Í **fylgiskjali II** er verkáætlun sem gæðateymi skólans vann fyrir skólaárið 2023-2024. Reyndar undanfarið ár hefur sýnt að þótt gæðateymið sé með langtímaáætlun og svo verkáætlun hvers skólaárs þá sé yfirleitt eitthvað sem ekki kemst á dagskrá, oftast vegna utanaðkomandi áhrifa. Þá koma oft upp umræður eða atvik sem gefa tilefni til að framkvæma könnun eða grípa inn í fyrirframgerða áætlun og breyta. Það átti einnig við þetta skólaár. Það eina sem ekki tókst að ljúka algjörlega var námsmatsstefna og verklag vegna námsmats. Reyndar er hvorutveggja tilbúið frá gæðateyminu en á eftir að fá samþykkt endanlega. Þá var ekki nema að hluta til unnið með að svara gæðastöðlum vegna næsta ytra mats í Bravo lesson og verður það gert á næsta skólaári eða þegar fyrir liggur hvenær skólinn fer í ytra mat.

2.1 Gæðahandbók

Undanfarin ár hefur gæðastjóri ásamt gæðateymi unnið að gerð gæðahandbókar skólans. Samanstendur hún af stefnum, áætlun, verklagsreglum, sniðmátum og ýmsum eyðublöðum og er í formi pdf-skjals með hlekkjum í öll skjölin. Gæðahandbókin er vistuð í Verkfærakistunni og hafa allir starfsmenn skólans aðgang að henni. Í **fylgiskjali XIII** er innihald gæðahandbókarinnar en ekki eru hlekkirnir virkir þar sem skjölin eru geymd á öruggu svæði skólans. Stefnur og flestar áætlanir eru sýnilegar á heimasíðu skólans. <https://www.verslo.is/skolinn/skyrslur-og-aaetlanir/>

2.2 Skólanámskrá og starfsmannahandbók

Haustið 2022 var skólanámskráin yfirfarin að venju skv. gátlista fyrir mat á skólanámskrá úr leiðbeiningabæklingi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2016). Undanfarin ár hefur verið farið yfir gátlistann og hefur skólanámskráin uppfyllt öll þau atriði sem gátlistinn tiltekur. Ekki þykir ástæða til að uppfæra gátlista á hverju ári þar sem lítil breyting hefur orðið á námskránni. Ákveðið hefur verið að uppfæra ekki skólanámskrána nema þegar einhverjar breytingar eru gerðar.

Starfsmannahandbók Verzlunarskólans var uppfærð haustið 2022 en hún er uppfærð annað hvert ár. Eintak bæði af skólanámskrá og starfsmannahandbók eru öllum aðgengileg í setustofu starfsmanna og á innra neti skólans. Hér eru hlekkir í [skólanámskrána](#) frá heimasíðu skólans en starfsmannahandbókin er ekki opinber í tölvutæku formi nema starfsmönnum skólans. Hún er staðsett í TEAMS undir Verkfærakistunni sem er sameiginlegt svæði allra starfsmanna skólans.

2.3 Þróunarverkefni

2.3.1 Allir nemendur á fyrsta ári

Undanfarin tvö ár hafa verið unnin þróunarverkefni allra árganga. Í vetur tók allur fyrsti árgangur þátt í verkefni sem nefnist Samvinna – Sjálfræði, sem tók á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Unnu nemendur í 4ra manna hópum í september, þar sem þeir völdu sér heimsmarkmið og kynntu sér það vel og komu með hugmynd að úrlausn. Var hefðbundin kennsla lögð niður í 7 virka daga í flestum greinum og unnu þá nemendur eingöngu að þessu verkefni. Námsmat fyrir þau fög sem tóku þátt var sameiginleg ákvörðun kennara eftir gæði vinnu nemenda og gildi sem 10% í öllum greinum.

Viðhorfskönnun var send annars vegar til kennara og hins vegar til nemenda. Fengu nemendur sína könnun áður en endanleg einkunn fyrir verkefnið var birt og kennarar stuttu síðar. Er fjallað um helstu niðurstöður hér á eftir.

2.3.2 Viðhorf nemenda

Nemendur á fyrsta ári fengu senda viðhorfskönnun í Forms og var send tvisvar ítrekun. Var könnunin opin í eina viku. Voru það 106 nemendur sem svöruðu sem nær ekki þriðjungi nemenda sem vissulega var ekki það sem vonast hafði verið til. 55 nemendur af 156 af náttúrufræðibraut svaraði sem er um 35%, 37 nemendur af 163 alls svaraði af viðskiptabraut sem rétt nær tæpum 27%. Þá svöruð 11 af Nýsköpunar- og listabraut sem gerir alls 50% og aðeins 3 af 27 nemendum Alþjóðabrautar sem svöruðu sem gerir 11%.

Eins og sjá má í **fylgiskjali III** eru nemendur sammála um að samvinnan í hópnum hafi gengið vel. Misjafnt er hversu skemmtilegt þeim þótti þessi vinna en þó fannst rúmum 60% mjög eða frekar gaman. Þá var tekið saman hvernig svörin skiptust á milli brauta við spurningum 3 og 4 og má sjá þá skiptingu í sama fylgiskjali. Athygli vekur að enginn hvorki á Nýsköpunar- og listabraut né Alþjóðabraut voru neikvæðir við spurningu 3 en 13% á Náttúrufræðibraut og 11% á Viðskiptabraut. Svipuð niðurstaða var á milli brauta við spurningu 4. Þó svörunin hafi verið lítil má þó skilja það svo að svona vinna höfðar frekar til nemenda á Alþjóðabraut og þeirra sem eru á Nýsköpunar- og listabraut.

Svipaðar niðurstöður fengust úr öðrum spurningum, meiri hluti þeirra sem svaraði er mjög eða frekar jákvæður gagnvart spurningunum. Áhugavert var að sjá niðurstöður við spurningu 9 þar sem nemendur voru spurðir um hversu mikið félagarnir í hópnum hafi lagt sig mikið fram en þar virðist vera eitthvað misjafnt hversu mikið nemendur hafi unnið, þó að þeim hafi þótt samvinnan hafa gengið vel (sp. 3).

Nemendum virðist þó hafa þótt frekar erfitt að vinna verkefni sem ekki eru stýrð af kennurum sbr. sp. 12 og einnig að fletta öllum fögunum saman sbr. sp. 13. Nemendur virtust vera sáttir við tímalengd verkefnisins og einnig eru þeir sammála því að leggja svona eða svipað verkefni fyrir aftur næsta haust.

Aftast í **fylgiskjali III** má sjá hvernig nemendur svöruðu opnu spurningunum um helstu kosti og galla verkefnisins. Kostina finnst þeim greinilega vera að vinna saman og kynnast bekknum en gallana vera að kennararnir hafi ekki stýrt og það hafi verið tímapressa.

2.3.3 Viðhorf kennara

34 kennarar tóku þátt í þróunarverkefninu og var þeim sendur spurningalisti í Forms, sambærilegur þeim sem nemendum var sendur. 23 kennarar svöruðu eða 67,6%. Kennarar virtust almennt hafa verið sáttir við verkefnið í heild og er meiri hluti þeirra mjög eða frekar jákvæður gagnvart spurningunum. Það er helst að þeim hafi ekki fundist fagið sitt hafi endurspeglast í vinnu nemenda (sp. 7) og að sama skapi fannst 16 þeirra nemendum ekki hafi gengið vel að fletta fögunum saman (sp. 15). 7 voru frekar eða mjög óánægðir með verkefnið sem kennari (sp. 8) en öllum finnst mjög eða frekar mikilvægt að hafa svona verkefni sem hugmyndafræði þróunarverkefnisins byggðist á (sp 16).

Kennarar voru sáttir við tímalengd verkefnisins og þá fjölda daga sem verkefnið spannaði (sp. 18 og 19). 14 mæla með slíku verkefni að ári en 9 ekki. Meðal ástæðna sem gefnar eru gegn verkefninu (sp. 21) eru að nemendur hafi of frjálssar hendur, að sum fög geti ráðið hvort þau taki þátt en önnur ekki, þ.e. að sum fög eru mikilvægari en önnur og geti ekki misst tíma úr töflu eins og raungreinar og stærðfræði. Þá fannst kennurum of mikill tími fara í yfirferð og námsmat. Enda skv. sp. 23 fannst meiri hluti kennara vinnan við þróunarverkefnið hafi aukið vinnuálag hjá sér. Hvað það var sem olli auknu vinnuálagi skv. sp. 24 var m.a. yfirferðin sem lang flestir nefndu ásamt þeirri vinnu sem fylgdi fyrir umsjónarkennara.

Það sem kennurum þótti sérstaklega gott við verkefnið var t.d. nefnt „Hópvinna er þroskandi og það er menntandi að nemendur reyni að finna leiðir til að bæta samfélagið“. Gott að vinna með öðrum kennurum í ólíkum deildum, samvinna nemenda.

Bornar voru saman niðurstöður frá þróunarverkefninu haustið 2022 og þessa hausts og var ekki að sjá að einhver munur hafi verið. Var það helst að bæði nemendur og kennarar voru ánægðari með tímalengd þessa hausts heldur en síðasta árs en tíminn var stytur. Í **fylgiskjali IV** má sjá allar helstu niðurstöður.

Þróunarstjórar hafa fengið niðurstöður og munu taka tillit til svara bæði nemenda og kennara áður en næsta verkefni verður lagt fyrir. Þarf sérstaklega að íhuga hvort ekki sé hægt að fá öll fög með í verkefnið og jafnvel minnka álag á kennara vegna námsmatsins. Þá mætti líka skoða hvort ástæða sé að velja eitthvað annað málefni en heimsmarkmiðin þar sem margir nemendur virðast hafa unnið með þau í grunnskóla.

2.3.4 Þróunarverkefni – 2. árið

Nemendur á öðru ári, á Alþjóðabraut, unnu einnig samþættingarverkefni undir sömu formerkjum og verkefnið sem nemendur á fyrsta ári unnu. Fögin sem tvinnuðust saman voru alþjóðahagfræði, enska, saga, og stærðfræði. Markmið verkefnisins var þjálfun í gagnalæsi, menningalæsi og heimildarýni, auk þess sem nemendur fengu betri sýn á sögulegt samhengi nýlendustefnu Breta. Nemendur unnu að verkefninu í viku og gildi það 10% í öllum greinum.

Dagana 31. janúar til 7. febrúar var gerð könnun meðal nemenda bekkjarins um viðhorf þeirra til verkefnisins. Því miður var svarhlutfall frekar lágt en eingöngu 11 nemendur af 26 svöruðu könnuninni. Er það 42% sem er það lágt að spurning hvort það sé mjög marktækt. Voru nemendur spurðir nokkurra fjölvalsspurninga og einnig voru nokkrar opnar spurningar sem þeir voru beðnir að koma með skoðun sína á. Ekki var unnið nákvæmlega úr þessum opnu spurningum heldur tekið saman nokkrir hlutir sem nefndir voru.

2.3.5 Þróunarverkefni – 3. árið

Nemendur á þriðja ári, á Nýsköpunar- og listabraut unnu einnig samþættingarverkefni. Fögin sem tóku þátt voru enska, heimsspeki og listir, íslenska, listasaga og lögfræði. Markmið verkefnisins var að gefa út menningartímarit. Nemendur sóttu ólíka listviðburði og fjölluðu um þá í tímaritinu. Nemendur stýrðu verkefninu sjálf undir leiðsögn kennara. Nemendur unnu að verkefninu í viku og gildi það 10% í öllum greinum.

Fylgiskjal V sýnir samanburð svaranna sem komu frá 2.A og 3.B en hér að neðan má sjá það helsta sem kom fram í opnu svörum. Er eingöngu tekið saman jákvæðir og neikvæð atriði úr öllum opnu svörum, en ekki greint eftir hverri spurningum. Er það vegna þess að svörin voru svo lík, sama hver opna spurningin var. Þá voru svör bekkjanna einnig svipuð þótt verkefni væru ólík og er tekið saman úr báðum bekkjum. Þá var sumt bara nefnt einu sinni en annað oft og af fleiri nemendum.

Eins og með þróunarverkefnið á fyrsta ári munu þróunarstjórar skoða helstu niðurstöður og taka tillit til skoðana nemenda við skipulag á næsta árs þróunarverkefni.

Jákvætt	Neikvætt
<ul style="list-style-type: none"> • Næs fyrstu tímana • Gaman að læra um menningu • Kynntist fleiri í bekknum • Lærði af því að safna upplýsingum og gera metnaðarfulla afurð • Gaman og nýtt • Gaman ef maður væri í góðum bekk en ... • Mjög flott framtak 	<ul style="list-style-type: none"> • Óþarfa verkefni/tilgangslaust • Leiðinlegt verkefni með engum ákv. kröfum • Vantaði ítarlegri verkefnalýsingu • Erfitt verkefni • Erfið hópvinna • Erfitt að tengja fögin • Tók á andlega • Urðum eftir á í fögunum • Óskipulegt • Léleg gagnrýni fyrir lélega einkunn • Ekki lærdómsríkt • Hafði óþarflega mikil áhrif á lokaekunn • Kennarar með mism. upplýsingar • Tímaþröng og tímafrekt • Kennarar vildu ekki aðstoða • Vantaði jafningjamat • Fengum ekki sjálf að velja í hópa • Erfitt að tengja við öll fögin • Erfitt að finna tíma til að fara á viðburð

2.4 Könnun meðal foreldra

Dagana 5. til 19. febrúar var opin könnun send á alla foreldra nemenda skólans. Því miður var þátttaka ekki góð en eingöngu 473 foreldrar svöruðu sem er nálægt 45%. Er það örlítið minna en árið 2021 sem var 49%. Þó má geta þess að það virðist vera að þó nokkur netföng sem skólinn er með séu röng því all mörg skilaboð bárust um það að netfangið væri ekki til.

Könnunin var send í Forms og var í formi 25 fjölvalsspurninga og tveggja opinna spurninga þar sem foreldrar gátu tiltekið það sem þeir voru ánægðir með og eins það sem betur mætti fara. Að mestu leyti var byggt á sömu spurningum og úr síðustu könnun til að sjá samanburð. Spurningarnar voru líka sendar til foreldrafélagsins sem las yfir og bætti við nokkrum spurningum sem þeim fannst áhugavert að fá svör við. Ekki þótti mikill munur á niðurstöðum þessara tveggja kannana sem vert þykir að nefna heldur er hér eingöngu tekið fyrir svör úr nýjustu könnun.

Í fylgiskjali VI má sjá niðurstöður fjölvalsspurninganna og samanburð við sömu könnun frá árinu 2021. Hér eru aðeins skoðað niðurstöður úr nokkrum spurningum sem gæðateymi finnst hvað mikilvægastar. Má sjá að almennt finnst foreldrum hæfilegt eða allmikið álag (sp.7) í náminu og það vera hæfilega eða frekar krefjandi (sp.8). Þó finnst 21 foreldri það ekki nógu krefjandi eða 4%. Það vekur athygli að 29% þeirra sem svöruðu segja að barn þess hafi þurft að kaupa aukaaðstoð við námið (sp.11) en ekki svo margir (12%) segjast ekki geta aðstoðað barn sitt við námið (sp.9). Ástæður þess geta að sjálfsgöðu verið mismunandi og verður ekki reynt hér að koma með útskýringu á því. Ekki eru mjög margir nemendur sem vinna mikið með skóla (sp. 12) en all margir nemendur virðast verja löngum tíma í tólmstundastarf (sp. 13). 82% telja barn þeirra vera ánægt með félagslíf skólans en 14% ekki (sp.14) og er misjafnt hversu mikinn tíma foreldrar telja barn sitt verja til þátttöku í félagslífinu. 70% telja að barn þeirra taki mjög, frekar eða hæfilega mikinn þátt í félagslífinu sem við teljum vera ásættanlegt en vildum gjarnan að fleiri myndu finna eitthvað sem hentar þeim. En það gæti líka skýrst á mikilli þátttöku margra nemenda í öðru tólmstundastarfi.

Það er ánægjulegt að sjá að 92% foreldra telja að barni þeirra líði vel í skólanum (sp.16) og 93% að þau eigi vini í skólanum (sp.17). Þó væri óskandi að hægt væri að láta þessum 7-8% nemenda líka líða vel og að þau finni sig hér hjá okkur. Spurning 18 er ný og var aðeins gölluð þar sem það hefði þurft að vera hægt að merkja við fleiri en einn möguleika. En tengsl við vini í bekknum skorar þó hæst sem er ánægjulegt en við gerum okkur grein fyrir að önnur tengsl gætu líka verið með þar. Tæplega 7% foreldra telja barn sitt ekki vera ánægt í bekknum (sp. 19) sem er að sjálfsgöðu ekki gott en alltaf er reynt að vinna með bekki þar sem vitað er að bæta megi bekkjarandann.

Ekki eru margir sem hafa þurft að leita mjög oft til einhverra starfsmanna skólans (sp. 20) og 94% finnst upplýsingagjöf skólans vera hæfilega (sp.21). 87% finnst heimasíðan vera aðgengileg en þess má geta að 11% segist ekki vita það þannig að við metum það sem svo að nýja heimasíðan okkar sé með miklum ágætum. 83% finnst væntingar þeirra til skólans hafi staðist en 3% því miður alls ekki og 12% að einhverju leyti (sp. 25).

Athugað var hvort foreldrar nemenda á ákveðinni braut eða ákveðnu ári þætti námið t.d. mjög eða lítið krefjandi eða hefðu greitt fyrir aukatíma. Einnig var athugað með líðan í skólanum og bekknum og hvort barnið ætti vini í skólanum. Ekki reyndist vera hægt að sjá að það væri einhver ákveðinn árgangur eða braut sem skoraði meira en aðrir nema það helst að engir foreldrar nemenda á Alþjóðabraut og Nýsköpunar- og listabraut telja að börnin eigi enga vini í skólanum.

Það er mat gæðateymis að niðurstöður fjölvalsspurninganna séu ásættanlegar og reynt verður að laga það sem nefnt er í opnu spurningunum. Sumt er auðvelt að kippa í liðinn en annað erfiðara. Hér á eftir er stutt samantekt úr opnu svörum.

2.4.1 Samantekt úr opnum svörum

235 foreldrar svöruðu spurningu nr. 26 „Hvaða þætti í skólastarfinu ert þú sérstaklega ánæg-/ð/t/ur með?“ All margir sögðust vera ánægðir með allt fyrirkomulag og hluti sem viðkom stjórnun skólans. Um 100 manns nefndu námið í heild, t.d. námsframboð, kennslu, skólabrag, alþjóðlegt samstarf. Þá voru rúmlega 60 sem hrósuðu kennurum mikið og töldu þá vera góða, metnaðargjarna, bera umhyggju fyrir nemendum og fleira. Margir töldu bekkjarkerfið vera gott. Varðandi samskipti og líðan nefndu all nokkrir góða nýnemakynningu, námsráðgjöf, félagslífið og almennt viðmót allra starfsmanna. All nokkrir nefndi þjónustu möuneytis, bókasafns, aðstöðuna og aðbúnað í skólanum. Þá voru það líka nokkuð margir sem nefndu að þeir teldu stúdentspróf úr skólanum vera góðan undirbúning undir annað nám og lífið sjálft.

Litlu færri foreldrar eða 225 nefndu atriði við spurningu 27 „Er eitthvað í starfi skólans sem betur mætti fara að þínu mati?“ Það sem mesta athygli vakti var athugasemdir sem foreldrar gerðu varðandi félagslíf skólans, t.d. hvernig valið er í nefndir á vegum nemendafélagsins. Verður tekið alvarlega á þessu strax á næsta ári. Þá voru nokkrir sem töldu að það vantaði meira eitthvað sem væri um að vera innan bekkjanna sjálfra og fyrirhugað er að reyna að bæta það líka á næsta ári. Eins og oft áður höfðu foreldrar ýmislegt að segja um kennslu, kennsluaðferðir og námsmat en kennurum er treyst til að gera hlutina eftir þeirri kennslufræði sem þeir velja og mun svo verða áfram. Enda voru mun fleiri foreldrar sem hrósuðu þessum hlutum en löstuðu.

Nokkur atriði voru tekin út sem gæðateymi sér að hægt væri að setja á umbótaáætlun næstu ára og er þá að sjá í **fylgiskjali VII**. Þá munu skólastjórnendur ræða um ýmis atriði við sitt fólk og minna á nokkur atriði við kennara t.d. skil á verkefnum, upplýsingar í INNU og sætaskipan.

2.5 Nemendakönnun

Hin árlega nemendakönnun eða kennslukönnun eins og hún nefnist oft var opnuð 26. febrúar og lokaði 29. febrúar. Að þessu sinni var hún tekin í kennslustundum í viðurvist kennara, flestir bekkir tóku hana mánudaginn 26. febrúar en einstaka bekkir þriðjudaginn 27. Þá var send ítrekun tvisvar til allra nemenda þar sem þeir voru beðnir um að svara könnuninni ef þeir hefðu ekki nú þegar gert það. Þessi aðferð tókst vel og fékkst svar frá 85% nemenda sem er meðal hæstu hlutfalla sem hefur fengist hingað til.

Eins og venjulega skiptist könnunin í tvo hluta, annan þar sem nemendur svara fyrir hvern og einn áfanga sem þeir eru í á þessari önn og hinn sem er almennur. Könnunin var gerð í INNU, námsumhverfi skólans og sá kerfisfræðingur um að setja spurningarnar upp og taka saman helstu niðurstöður.


2.5.1 Áfangar

Spurningarnar varðandi hvern og einn áfanga eru 16 og skiptast í þrjá megin þætti; „Sýn nemenda á eigið framlag“, Sýn nemenda á áfanga“, Sýn nemenda á framlag kennara“ og „Gagnkvæm mál“. Þegar niðurstöður úr áfangakönnuninni eru bornar saman við síðustu kannanir sést að mjög litlar breytingar hafa orðið á svörum sem viðkoma áföngunum. Í **fylgiskjali VIII** má sjá þær niðurstöður og í [Sjálfsmatsskýrslu 2022-2023](#) bls. 29 má sjá samanburð þriggja kannana sem gerðar voru á undan þessari. Þess má geta að þegar áfangakönnunin er rædd á gæðateymisfundi, skoðar gæðateymið aðeins meðaltal skólans í heild en ekki einstaka kennara eða áfanga. Niðurstöður úr þeim skoða skólastjórnendur og ræða við fagstjóra og kennara, yfirleitt í starfsmannviðtölum, ef ástæða þykir til þess.

Þegar gæðateymið fer í gegnum niðurstöður áfangaspurninganna er almenna reglan að ef A og B dálkarnir ná samtals 80% þá er litið svo á að niðurstöðurnar séu ásættanlegar. Ef einhverjar spurningar fara eitthvað undir 80% er það rætt og reynt að finna skýringar. Oft er ástæðan skiljanleg og þá ekkert gert í málinu.

Í tilfelli þessarar könnunar voru það aðeins tvær spurningar sem voru undir 80% viðmiðinu. Sú fyrsta „Ég þarf að leggja mikið á mig til að standast kröfur áfangans“ var með 72% í A og B. Gæðateymið áltur sem svo að líklega sé þetta eðlilegt, nemendur skólans eru upp til hópa góðir námsmenn og því eðlilegt að námið í öllum áföngum reynist þeim ekki mjög erfitt. Að auki hefur undanfarin ár verið reynt að jafna álag á milli tímabila og anna svo það gæti líka skilað sér í að nemendum finnist þeir hafi meira svigrúm til að læra.

Önnur spurning sem ekki náði 80% er nr. 7 „Mér finnst viðfangsefni áfangans áhugaverð“. A og B svörin voru 74%. Gæðateymið skoðaði hvort það væri einhver sjáanlegur munur á milli ára hvort t.d. nemendum á 3. ári þætti námsefnið vera áhugaverðara þegar flest fög tilheyrta brautinni sem þeir völdu og valfög og hvort þau þyrftu að leggja meira á sig. Það reyndist ekki vera og hér á eftir má sjá svörin eftir árum. Eini merkjanlegi munurinn er að það eru fleiri sem svara A möguleikanum eftir því sem árunum fjölgar.



Það er mjög ánægjulegt að sjá að það sem nefnt er „Sýn nemenda á framlag kennara“ og „Gagnkvæm mál“ kemur í alla staði afar vel út. Nemendur virðast vera ánægðir með kennara sína sem skilar sér inn í kennslustofuna. Sérstaklega finnst þeim samskiptin vera góð eða 92% merkja við A eða B.

2.5.2 Almennar spurningar

Í almenna hlutanum voru 29 fjölvalsspurningar og ein opin spurning þar sem nemendur gátu sagt hug sinn um allt sem viðvíkur skólanum og náminu. Það má segja að í flestum spurningunum var yfir 80% ánægja með það sem spurt var um og all margar yfir 90%. Spurningar 10 og 11 er varða félagslífið komu ekki mikið á óvart. Undanfarin ár hefur gætt óánægju með val í nefndir og eitt og annað sem nemendafélagið stendur fyrir. Niðurstöðurnar eru líka í samræmi við niðurstöður úr foreldrakönnuninni sem fram fór tveimur vikum áður. Það er ljóst að það þarf að finna einhverja bragarbót á starfi nemendafélagsins hvað þetta varðar og verður það sett á umbótaáætlun og unnið að betrubótum í samstarfi við nemendafélagið.

Nokkrar spurningar voru um stoðdeildir skólans og komu þær afar vel út. Nemendur eru sáttir við þjónustu bókasafnsins, Matbúðar, nemendapjónustuna, skrifstofu, tölvuþjónustu og húsnæðis. Nær allar þessar spurningar (16-21) komu töluvert yfir 90% og jafnvel 99%.

Til gamans var síðasta spurningin til að kanna hversu vel nemendur þekktu gildi skólans sem eru; Ábyrgð, hæfni, vellíðan og virðing. Nemendur virtust vera nokkuð vel að sér um gildin en vildu greinilega bæta metnaði við sem er líka ágætis gildi. Þessi fimm gildi fengu svipaða útkomu eða milli 45-51%. Í **fylgiskjali IX** má sjá heildar niðurstöðu úr almennu spurningunum.

2.5.3 Skólabragur

Eitt af verkefnum skólaársins var að huga aðeins að *skólabragnum* okkar. Sjá hvað við höfum ekki verið ánægð með og reyna að gera einhverja bragarbót á. Spurningar 13-15 varða þær breytingar. Um árábil hafa kennarar og aðrir starfsmenn skólans kvartað yfir símanotkun nemenda í kennslustundum. Þess vegna var ákveðið að fá í hverja kennslustofu símabox þar sem kennarar geta beðið nemendur að setja símana í á meðan á kennslustund stendur. Ákveðið var að spyrja nemendur um viðhorf þeirra til símaboxanna í nemendakönnuninni. Kom í ljós að rúm 53% er mjög eða frekar sátt við þessar breytingar.

Þá var ákveðið að breyta röðun árganga á milli hæða og blanda öllum árgöngum saman. Í mörg ár hefur hefðin verið sú að yngstu nemendurnir eru með heimastofur á efstu hæð skólans og svo hafa þeir farið neðar eftir því sem þeir eldast og á síðasta ári hafa þeir verið á Marmaranum. Það hafði skapast leiðinlegur bragur á Marmaranum þar sem elstu nemendurnir réðu ríkjum og bönnuðu jafnvel yngstu nemendum að vera þar. Þessum skólaanda vildu skólastjórnendur reyna að breyta og nú er árgöngunum blandað á milli hæða og skipta um stofur tvisvar á hverri önn. Þannig að hver bekkur er í fjórum mismunandi stofum og á mismunandi hæðum á hverju skólaári líka. Mjög skiptar skoðanir voru um þessa breytingu í byrjun meðal nemenda og því ákveðið að skoða afstöðu nemenda um miðja vorönnina. Kom í ljós að 57% nemenda er mjög eða frekar sáttir við þessa breytingu. Líklega eru eldri árgangar óánægðari en t.d. yngsti árgangurinn.

Þriðja breytingin sem gerð var á skólaárinu var að hafa stöðupróf, kaflapróf og símatpróf áfanganna alltaf á þriðjudagsmorgnum. Geta deildir þá pantað að hafa próf á ákveðnum þriðjudögum. Gæðateyminu fannst áhugavert að athuga hvað nemendum fyndist um þessa breytingu og kom í ljós að 56% nemenda er mjög eða frekar sáttur við hana. Þess má geta að þessi breyting hefur mikinn vinnusparnað í för með sér fyrir kennara t.d. símatsáfanga. Áður þurfti að gera mörg mismunandi próf til að leggja fyrir bekkina innan sama áfanga en nú geta allir bekkir tekið sama prófið. Hefur það einnig í för með sér að námsmat innan sama áfanga er líkara en þegar mörg próf voru í umferð innan sama áfanga vegna hættu á að prófin séu miserfið.

2.5.3 Samanburður á foreldrakönnun og nemendakönnun

Nokkrar spurningar voru eins eða nánast eins í foreldra- og nemendakönnunum. Það athyglisverða er að nemendur og foreldrar þeirra virðast vera samstíga í viðhorfi sínu til þessara spurninga. Álag í náminu er mjög svipað og um brautarvalið gildir það sama. 92% beggja svara A og B möguleikunum. Spurningin um vini er ekki alveg eins, í foreldrakönnuninni var spurt um vini í skólanum en í nemendakönnuninni hvort þau ættu vini í bekknum sínum. Útkoman er samt sú sama. Það sama gildir um líðan í skólanum. Yfir 90% bæði foreldra og nemenda álíta að nemandanum líði vel í Verzlunarskólanum. Í **fylgiskjali X** er hægt að sjá þennan samanburð betur.

2.6 Lífið eftir Verzló – stúdentar 2024

10. apríl var stúdentsefnum skólans sendur póstur þar sem þeir voru beðnir um að svara örstuttri könnun um hvað þeir hygðust gera næsta haust og á næstunni. Tvisvar var send ítrekun og nemendur minntir á könnunina. Af 336 nemendum svöruðu 160 kallinu og tóku þátt í könnuninni sem innihélt 3 spurningar. Er það tæplega 48%.

Á **fylgiskjali XI** má sjá niðurstöður könnunarinnar ásamt samanburði við þrjú síðustu ár sem könnunin hefur verið framkvæmd. Ekki er mikill munur á fjölda svara nema fyrsta árið voru töluvert færri svarendur en hin þrjú. Má það kannski rekja til Covid-tímabilsins. Á þriðju síðunni með niðurstöðurnar má sjá prósentutölur sem segja kannski meira en fjöldinn. Þar má sjá að í ár hyggjast fleiri ætla að fara í Háskóla Íslands (25%) en t.d. árið 2021 hugðust fleiri ætla sér í Háskóla Reykjavíkur (27,27%). Í ár eru flestir sem ætla sér að ferðast eða 11,88% sem er töluvert umfram þann hóp á hinum árunum. Fæstir eru óákveðnir núna eða 7,5% en t.d. árið 2022 voru það 18,07%.

Þau atriði sem nemendur nefndu sem annað var yfirleitt eitthvað tvennt eða þrennt eða það hefði rúmast inn í þeim valmöguleikum sem stóðu til boða í spurningu tvö. Dæmi sem voru nefnd voru t.d. að fara í nám til Kanada, lýðháskóla í Danmörku, ferðast, fornám í Tækniskólanum og tannlæknanám í Danmörku.

Það er alltaf áhugavert að sjá hvert hugur nemenda okkar stefnir eftir að þeir kveðja Verzlunarskólann og næst þegar þessi könnun verður framkvæmd er hugmyndin að gefa möguleika á að merkja við 4 valmöguleika frekar en að láta spurninguna um annað vera inni.

2.7 Staðan eftir Verzló – stúdentar 2021-2023

Á sama tíma og tilvonandi útskriftarnemendur svöruðu könnuninni „Lífið eftir Verzló“ fengu nemendur fæddir 2001 og 2002 sendan spurningalista í gegnum persónuleg netföng sem skólinn hafði síðan þeir voru nemendur hans. Sá spurningalisti var einnig gerður í Forms og var opinn í rúmlega viku. 310 aðilar svöruðu póstinum en ekki er vitað nákvæmlega hversu margir fengu póst um könnunina þar sem mörg netföng voru ekki virk. Flestir svarendur reyndust koma af náttúrufræðibraut eða tæp 49%. Í þetta sinn reyndust flestir þátttakendur vera í Háskóla Reykjavíkur eða 36% en næst flestir í Háskóla Íslands 32%. Í fyrri könnun sem framkvæmd var vorið 2022 var þessu öfugt farið.

Nokkrar spurningar voru fjölvalsspurningar þar sem þátttakendur áttu að merkja við hversu sammála eða ósammála þeir voru ákveðnum fullyrðingum. Í fyrri könnuninni urðum við þess áskynja að þátttakendur merktu rangt við, töldu að besti möguleikinn væri nr. 5 en sá lakasti nr. 1. Þess vegna var ákveðið að snúa valmöguleikunum við núna og hafa besta möguleikann nr. 5 og þann lakasta nr. 1 eins og við töldum að þátttakendur fyrri könnunarinnar höfðu haldið. Það kom í ljós að þetta hefur reynt vera réttur skilningur hjá gæðateyminu því nú voru svörin mun jákvæðari en þau voru í þeirri fyrri. Allar fullyrðingar eru töluvert yfir 4 af 5 mögulegum sem var ekki í fyrri könnun. Í **fylgiskjali XII** er hægt að sjá niðurstöður þessarar könnunar og samanburð við þá fyrri.

Í spurningu 11 voru þátttakendur spurðir að því hvaða atriði það væru sem þeir lærðu í Verzló og hafi nýst þeim best. Nemendur nefndu flest fögin sem kennd eru í skólanum. Auk þess nefndu þau mannleg samskipti, að vinna undir pressu, skipulagningu, að kynna fyrir framan fólk, ritgerðarskrif og fleira. Í fylgiskjalinu er hægt að sjá hvaða fleiri atriði voru nefnd. Sum voru nefnd oft og önnur sjaldnar enda mismunandi hvaða fög eða þættir nýtast best eftir því í hvers konar námi eða starfi fólk er.

Í síðustu spurningunni, 12, var spurt hvort það væri eitthvað sem fólk vildi koma á framfæri sem gott væri fyrir skólann að vita. Mjög margir sögðu að það væri ekkert, skólinn væri besti skólinn, bara góðar minningar og fleira í þeim dúr. Aðrir komu með nokkrar ábendingar sem áhugavert var að sjá. Í fylgiskjalinu eru mörg dæmi nefnd.

Aftast í **fylgiskjali XII** má sjá prósentutölur fyrir spurningar varðandi hvar þátttakendur eru núna og innan hvaða greina þeir hafa valið nám. Eins og áður sagði þá eru það Háskóli Íslands og Háskóli Reykjavíkur sem meiri hluti fyrrverandi nemenda okkar hafa valið. Einnig eru líka all margir sem eru að vinna á Íslandi. Þær greinar sem hafa fangað flesta nemenda okkar eru verkfræði, viðskiptagreinar og heilbrigðisgreinar. Einnig eru þó nokkrir sem hafa sagt annað en það sem gefið var möguleiki um að merkja við. Það kom þó í ljós að þegar þeir nefndu annað (spurning 6) reyndust það oftast en ekki vera greinar sem hefði verið hægt flokka innan valmöguleikanna.

Næst þegar þessi könnun er gerð þarf að hafa í huga að í spurningu 4 ætti að gefa möguleika á að velja fleiri en einn möguleika og í spurningu 6 þarf að hafa hana þannig að það megi sleppa að svara henni.

2.8 Stefnur og áætlanir

Að venju voru nokkrar stefnur og áætlanir endurskoðaðar samkvæmt 3ja ára áætlun. En hugmynd gæðateymis er að gera alltaf 3ja ára langtímaáætlun og yfirfara stefnur og áætlanir eins og annað sem gert er í innra mati skólans sem hefur reynst vel. Þetta árið var farið yfir og/eða gert frá grunni „Stefnu í alþjóðasamskiptum“, „Stefnu í móttöku nemenda með erlendan bakgrunn“ ásamt móttökuáætlun.“ „Jafnlaunastefnan“ og „Endurmenntunarstefnan“ ásamt skólaþróunarverkefnum voru yfirfarnar og gerð var stefna ásamt verklagsreglum í námsmati. Þá var gerð stefna um samstarf skólans við atvinnulífið og önnur skólastig og stutt samantekt um hvernig þessu samstarfi er háttað skrifuð.

Á heimasíðu skólans er hægt að sjá allar stefnur og flestar áætlanir sem gerðar hafa verið. [Stefnur](#) og [áætlanir](#).

2.9 Verkferlar og fleira

Ekki er nein sérstök áætlun varðandi verkferla í skólanum heldur hafa þeir verið gerðir og endurskoðaðir eftir þörfum hvers tíma. Áætlað er að gera svipað ferli fyrir verklagsreglurnar eins og er í annarri vinnu gæðateymisins. Þetta skólaárið voru ýmsar verklagsreglur yfirfarnar og breytt í samræmi við breyttar áherslur. Nokkrar aðrar litu dagsins ljós eins og VKL-014 vegna alþjóðastarfs, VKL- 015 Verklag starfsmannasamtala, VKL-016 vegna verndar uppljóstrara . VKL-004 Verklag vegna lokaprófa var endurunnið og gert mun umfangsmeira, alveg frá því hvernig próf er gert og þar til það er vistað. Þá voru verklagsreglur vegna námsmats (VKL-017) gerðar. Einnig voru gerðir gátlistar fyrir kennara staðnáms (EYÐ-016) og fagstjóra (EYÐ-020). Þá voru fjölmörg sniðmát og eyðublöð endurunnin og sett inn í gæðahandbókina. Verkferlar, eyðublöð og gátlistar eru vistaðir í Verkfærakistunni inni í TEAMS og eru aðgengilegir fyrir starfsmenn skólans.

2.10 Skólaþróun - Endurmenntun

Eins og undanfarin ár var skólaþróun og endurmenntun nokkuð umfangsmikil í innra starfi skólans. Að þessu sinni var þróunarverkefni fyrsta árs sem kynnt var hér að framan afar stórt og tók stór hluti starfsmanna þátt í því verkefni. Fór það fram á haustönn eins og greint var frá hér að framan.

- Í september kom Inga Valdís Tómasdóttir hjá sálfræðisviði Vinnuverndar og hélt fyrirlestur um jákvæð samskipti á vinnustöðum og hvaða áhrif samskipti geta haft á starfsanda og vinnustaðamenningu.
- Í byrjun október var vinnudagur hálfan daginn þar sem fögin og deildirnar unnu saman að gerð nýrrar námskrár. Sú námskrá mun líta dagsins ljós á komandi hausti.
- Á starfsmannafundi í nóvember var enskukennari skólans, Guðný Laxdal með kynningu og fyrirlestur um gervigreind. Hvernig hún birtist, hvað ber að varast og hugmyndir um hvernig hægt sé að nýta hana til góðs.
- Ásta Valgerður sálfræðingur skólans var með fyrirlestur á skólaþróunarfundi í febrúar um sálræna skyndihjálp.

- Ásta Valgerður sálfræðingur skólans var með valfrjálsan fyrirlestur um „Hugræna atferlismeðferð“ (HAM) með líðan unglunga í huga. Voru það 20 starfsmenn sem sóttu þann fyrirlestur seinni part dags.
- 1. mars var haldinn starfsþróunardagur framhaldsskólanna í öllum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu þar sem fögum og deildum skólanna var skipt niður á skólana og starfsmenn fengu tækifæri til að ræða faglega þætti starfa sinna og fleira. Deginum lauk með sameiginlegu boði í FÁ þar sem allir sem gátu mættu og gerðu sér glaðan dag. Er það samdóma álit starfsmanna skólans að þetta hafi verið afar góður dagur og vonandi eitthvað sem kemur til með að vera áfram.

2.11 Verkefni Mannauðsteymis, Kennsluteymis og Viðbragðsteymis

Skólinn er **heilsueflandi vinnustaður** og leggur áherslu á vellíðan og hreyfingu. Það var ýmislegt sem Mannauðsteymið stóð fyrir. Eitt „kósý-kvöld“ var haldið fyrir jóla og auglýst var borðspilakvöld sem ekki fékkst næg þátttaka í þannig að ekkert varð úr því. Haldið var jólakvöld en þar var myndmenntakennari skólans, Kristín Dóra Ólafsdóttir, með aðstoð við að gera jólakort og jólamerkimiða. Mæltist það kvöld vel fyrir og var dágóð mæting.

Þá tók skólinn þátt í Lífshlaupinu og var þátttakan góð og lenti skólinn í 13. sæti sem þykir nokkuð góð frammistaða. Af því tilefni gaf skólinn öllum starfsmönnum handklæði með nafni og merki skólans og vonar að það verði hvatning til frekari hreyfingar.

Eins og oft áður var skipulagt fjögurra tíma golfnámskeið fyrir starfsmenn hjá Golfakademíu Odds uppi í Urriðaholti í Heiðmörk um miðjan maí. Voru það nokkrir starfsmenn ásamt mökum sem nýttu sér námskeiðið og vonir standa til að það skili sér í hollu og ánægjulegu áhugamáli sem margir starfsmenn skólans hafa í áranna rás tileinkað sér.

Um mánaðamót maí-júní leggur skólinn land undir fót og fór í skólaheimsókn til Barcelona. Áður en í þá ferð var farið var boðið upp á þriggja tíma spænskukennslu fyrir ferðalanga. Aðal áhersla var á að geta bjargað sér á matsölustöðum og algenga kurteisisfrasa sem notaðir eru í samskiptum fólks.

Auk ofangreinds endurgerði mannauðsteymið jafnréttisáætlun og endurmenntunar- og skólaþróunarstefnu skólans sem sjá má á heimasíðu hans. Þá vann teymið líka móttökuáætlun ásamt verklagsreglum nemenda með erlendan bakgrunn í samstarfi við nemendapjónustu skólans.

Viðbragðs- og kennsluteymi fengu líka verkefni á vegum gæðateymis. Viðbragðsteymið fór yfir viðbragðsáætlun skólans og kennsluteymið gerði nýjar verklagsreglur og stefnu í alþjóðasamskiptum og einnig verklagsreglur og nýja stefnu í námsmati sem ekki er á lokametrinum og verður kynnt í haust. eru stefnurnar aðgengilegar á heimasíðu skólans en verklagsreglur í Verkfærakistunni inni í TEAMS og eru eingöngu ætlaðar fyrir starfsmenn.

3. Umbótaáætlun

Eins og komið hefur fram þá byrjaði skólinn fyrir nokkrum árum að nota Bravo Lesson. Meðal þess efnis sem þar er sett inn er umbótaáætlun skólans. Þar inn fóru allar ábendingar úr síðasta ytra mati auk niðurstaðna úr ýmsum könnunum sem framkvæmdar hafa verið tvö síðustu ár, m.a. úr innanhúss könnunum og utanaðkomandi rannsóknum. Það sem er svo gagnlegt við Bravo Lesson er að alltaf má sjá í myndritum gang verkefna.

Hér að neðan má sjá kökurit sem sýnir stöðu verkefna tveggja síðustu ára eða frá 1.07.2022 og til 20.06. 2024. Eins og sjá má er 53% verkefna lokið en græni hluti hringsins sýnir verkefni sem lokið er. Blái hlutinn sýnir hlutfall þeirra sem byrjað er á og er það 40% og grái liturinn er það sem ekki er byrjað á og er það eingöngu 7% eða eitt verkefni. Umbótaáætlunina er að sjá í **fylgiskjali XV**.



4. Skólaárið 2024-2025

Á vorönn 2024 vann gæðateymið verkefnaáætlun fyrir skólaárið 2024-2025 sem sést í fylgiskjali XIV. Mótaðist hún að mestu af 3ja ára langtímaáætlunum bæði verkefna og fyrir stefnur og áætlanir. Fyrirhugað er að gæðateymið hittist hálfsmánaðarlega og oftast ef þörf þykir. Auk þess munu hin teymin koma að vinnu ýmissa mála með gæðateyminu.

Á dagskrá eru nokkrar innanhúss kannanir, hin árlega nemendakönnun verður í október þar sem aðal áherslan er á nám og kennslu. Þá er fyrirhugað að gera könnun meðal starfsmanna í febrúar og er reiknað með að hafa sömu könnun og var gerð í febrúar 2023. Á 3ja ára verkefnaáætlun er ráðgert að athuga um viðhorf til húsnæðis og aðbúnaðar og verða settar inn nokkrar spurningar í starfsmannakönnunina þar um. Einnig er tilvalið að spyrja starfsmenn um viðhorf til þriðjudagsprófanna, símaboxin í stofum og flutning nemenda á milli stofa og hæða. Gert er ráð fyrir að taka þátt í Skólapúlsinum í apríl og að venju kemur eitthvað þar út sem þarf að skoða. Þá er fyrirbyggjandi að gera litlu kannanirnar í lok apríl „Lífið eftir Verzló“ og „Staðan eftir Verzló“.

Eins og önnur ár verða nokkrar áætlanir og stefnur endurskoðaðar og gerðar þar sem þær vantar. Hafa það verið teymin þrjú, kennsluteymi, mannauðsteymi og viðbragðsteymi, sem hafa annast það starf og gæðateymið farið yfir og samþykkt. Á þessu skólaári eru það umhverfisstefnan, starfsmannastefnan, lýðheilsustefnan, móttökuáætlun nýrra starfsmanna, kennslufræðileg stefna, stefna i gæðamálum og gátlisti vegna starfsloka sem eru á dagskrá. Auk þess þarf að klára að uppfæra skólareglurnar í takt við breyttar áherslur í skólalastarfinu.

Ýmis önnur vinna er á dagskrá á næsta skólaári. Þróunarstjórnarnir munu halda áfram að þróa þverfaglegt starf sem kynnt var hér að framan. Þá verður áfram hugað að „Heilsueflandi vinnustað“ og mun mannauðsteymið setjast niður á haustdögum og skipuleggja með hvaða hætti skólinn getur tekið enn betur utan um starfsfólkið í vetur og verður gaman að sjá hvað það verður. Vinnudagar verða teknir reglulega þar sem hugað er að áhugaverðum fyrirlestrum, námskeiðum og fleiru sem nýtist kennurum og öðrum starfsmönnum í starfi og lífinu sjálfu. Mjög líklega mun eitt og annað sem ekki er tilgreint hér bætast við verkefnalista gæðateymisins sem reynir að leysa þau verkefni sem þeim er falið eftir bestu getu.


Þá ber að geta að núverandi gæðastjóri, Ingibjörg S. Helgadóttir lætur af störfum og nýr gæðastjóri tekur við, Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir, sem setið hefur í gæðateyminu fjögur undanfarandi ár. Er henni óskað velfarnaðar í starfi.

Reykjavík, í maílok 2024

Ingibjörg S. Helgadóttir, gæðastjóri.

5. Fylgiskjöl

5.1 Fylgiskjal I – Teymi skólans 2023-2024



5.2 Fylgiskjal II - Verkefnaáætlun (2023-2024)

Peir sem koma að verkinu								Skólaárið 2023-2024	Tímaáætlun											
Skólastjórnendur	Nám sráðgjafar	Kerfisstjóri	Deildir	Gæðastjóri	Gæðatrymi	Nemendur	Teymi/Deildarstj		ág.23	sep.23	okt.23	nóv.23	des.23	jan.24	feb.24	mar.24	apr.24	maí.24	Verklök	
				V	V			Verkbættir:												
				V				Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023	V											X
				V				Starfsmannahandbókin		V	V									X
V	V		V	V	V		V	GIS/Pst Vinnudagar /Endurmenntun		V	V			V		V				X
					V			Yfirfara verkáætlun frá árinu	V											X
								Rannsókn og Greining, fyrirlögn				V								X
		V			V			Kennslukönnun . Undirbúa spurningar						V						X
V		V			V			Kennslukönnun . Framkvæmd								V				X
		V		V	V			Kennslukönnun Úrvinnsla og birting									V			X
								Könnun meðal foreldra - undirbúa spurningar		V										X
				V	V			Könnun meðal foreldra							V					X
					V			Samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf			V									X
					V			Svara gæðastaðli í Bravó og sjá stöðuna							V					X
					V			Endurskoða verklagsreglur												X
							VT	Viðbragðsáætlun						V						X
							KT	Námsmatsstefna							V					(X)
							MT	Jafnréttisáætlun				V								X
							MT	Endurmenntunarstefna						V						X
V				V	V		KT	Stefna í nemendaskiptum og verklagsreglur		V										X
								Skilvirkni - Útskrifaðir nemendur 21-23									V			X
								Lífið eftir Versló - útskriftarnemendur									V			X
					V		Fja.kenn	Fjarnám - farið yfir gátlistann			V									X
					V			Félagsaðstaða nemenda							V					X
					V	V		SKólabragur	V								V			X
				V	V			Gera tímaáætlun fyrir skólaárið 24-25										V		X

5.3 Fylgiskjal III – Niðurstöður þróunarverkefnis á fyrsta ári - NEMENDUR

Þróunarverkefni - viðhorf nemenda

106

Responses

25:08

Average time to complete

Closed

Status

[Review answers](#)

[Post scores](#)

[Open in Excel](#) ...

1. Skilgreindu kyn þitt (0 point)

[More Details](#)

● Kona	69
● Karl	36
● Annað	1



2. Á hvaða braut ertu? (0 point)

[More Details](#)

● Alþjóðabraut	3
● Nýsköpunar- og listabraut	11
● Náttúrufræðibraut	55
● Viðskiptabraut	37



3. Hvernig gekk samvinna nemenda í þínu teymi í þróunarverkefninu? (0 point)

[More Details](#)

● Mjög vel	50
● Frekar vel	45
● Frekar illa	9
● Mjög illa	2








4. Hversu gaman eða leiðinlegt fannst þér að vinna þróunarverkefnið? (0 point)

[More Details](#)

● Mjög gaman	7
● Frekar gaman	58
● Frekar leiðinlegt	36
● Mjög leiðinlegt	5





5. Hversu áhugavert fannst þér að vinna þróunarverkefnið? (0 point)

[More Details](#)

Mjög áhugavert	11
Frekar áhugavert	54
Lítið áhugavert	38
Alls ekki áhugavert	3



6. Hversu krefjandi fannst þér þróunarverkefnið vera? (0 point)

[More Details](#)

Mjög krefjandi	24
Frekar krefjandi	74
Frekar lítið krefjandi	6
Alls ekki krefjandi	1



7. Hversu mikið lagðir þú af mörkum í verkefninu? (0 point)

[More Details](#)

Mjög mikið	60
Frekar mikið	41
Frekar lítið	2
Mjög lítið	3



8. Hversu mikið lærdir þú af verkefninu? (0 point)

[More Details](#)

Mjög mikið	10
Frekar mikið	48
Frekar lítið	36
Mjög lítið	12



9. Hversu mikið lögðu félagar mínir í teyminu af mörkum? (0 point)

[More Details](#)

Allir lögðu jafn mikið af mörkum.	53
Einn lagði minna af mörkum en ...	29
Tveir lögðu minna af mörkum e...	24



